




HÖRFUR Í EFNAHAGSMÁLUM HAGSPÁ ASÍ 2014-2016



OKTÓBER 2014



EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
HELSTU ATRÍÐI.....	5
MIKILL VÖXTUR EINKANEYSLU	7
VIÐSNÚNINGUR Í FJÁRFESTINGU	8
ATVINNUVEGIR AUKA VIÐ FJÁRFESTINGU	8
KRÖFTUGUR VÖXTUR Í MANNVIRKJAGERÐ	9
FJÁRFESTING HINS OPINBERA	11
HAGUR RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA VÆNKAST	11
HVERFANDI AFGANGUR AF VIÐSKIPTUM VIÐ ÚTLÖND.....	13
ERFITT AÐ KOMA BÖNDUM Á VERÐBÓLGU	14
JAFNVÆGI Á VINNUMARKAÐI.....	15
BETRI HORFUR Í HEIMSBÚSKAPNUM	16

Inngangur

Horfur í íslensku efnahagslífi eru bjartari en um langt árabil samkvæmt nýrri spá hagdeildar ASÍ. Framundan er ágætur vöxtur landsframleiðslu og gerir spáin ráð fyrir að hagvöxtur verði 3,1–3,5% fram til ársins 2016. Samkvæmt spánni verður vöxtur einkaneyslu á bilinu 3,4%–4,3% og vex í takt við batnandi stöðu heimilanna en gert er ráð fyrir að kaupmáttur launa vaxi, skuldir lækki og væntingar almennings verði góðar. Fjárfestingar taka við sér og aukast á bilinu 14,8%–17,2% en gert er ráð fyrir að ráðist verði í byggingu þriggja nýrra kísilverksmiðja og að íbúðafjárfesting aukist um rúm 20% á ári út spátímam. Gangi spáin eftir fer hlutfall fjárfestinga af landsframleiðslu yfir 20% á árinu 2016. Þá dregur úr atvinnuleysi.

Áhyggjuefni er þó að verðbólga fer vaxandi og verður yfir verðból gumarkmiði Seðlabanka Íslands næstu tvö árin og því má búast við að Seðlabankinn bregðist við með því að hækka vexti. Þrátt fyrir að dragi úr atvinnuleysi og atvinnuþátttaka aukist þá virðist meira atvinnuleysi en þekktist fyrir hrún vera að festast í sessi hér á landi.

Þrátt fyrir batnandi stöðu eru ýmsir undirliggjandi veikleikar í hagkerfinu sem brýnt er að taka á. Gjalddeyrishöftin eru enn til staðar og ekki miklar líkur á að þau hverfi í brád. Ekkert bólar á tillögum ríkisstjórnarinnar um gengis- og peningamálafestefnu sem áttu að liggja fyrir í sumarbyrjun. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hversu skaðlegt það er að ekki liggi fyrir stefna í þessum lykilorðum efnahagslífsins sex árum eftir hrún. Þá er útlit fyrir að hagvöxtur verði nú borinn uppi af vexti þjóðarútgjalda í stað þess að útflutningur dragi vagninn. Jöfnuður á viðskiptum við útlönd versnar því á komandi árum. Þrátt fyrir að ríkissjóður verði rekinn með afgangi er ekki sjáanlegt að ríkisfjármálin muni styðja við það sem hlýtur að vera eitt helsta markmið efnahagsstjórnarinnar, að viðhalda stöðugleika. Þvert á móti virðast stjórnvöld ætla að gera sömu hagstjórnarmistökun og gerð voru á árunum fyrir hrún þegar ríkisfjármálin unnu beinlínis gegn viðleitni Seðlabankans til að koma á stöðugleika. Þá má gera ráð fyrir að sú hrina launaleiðréttinga, sem hófst í upphafi ársins, muni halda áfram þannig að taktur launabreytinga verði svipaður næstu árin og á yfirstandandi ári.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa í sameiningu unnið að því að leggja grunn að sambærilegri kjara- og efnahagsþróun og er annars staðar á Norðurlöndum þar sem áhersla er lögð á gengis- og verðstöðugleika og uppbyggingu kaupmáttar í hægum en öruggum skrefum án þess að veikja samkeppnisstöðu útflutningsatvinnuveganna. Til þess að slíkt geti gengið eftir þarf annars vegar breiða sátt um að það fyrirkomulag sé æskilegt og hins vegar trúverðuga efnahagsstefnu sem hefur sama markmið. Hvorugt hefur gengið eftir. Langt er síðan jafn lítil samstaða hefur verið á vinnumarkaði um launastefnu. Þannig samdi ríkisvaldið t.d. um tæplega 30% hækkun launa framhaldsskólakennara í rúmlega tveggja og hálfis árs samningi þar sem 16% launahækkun kemur á fyrsta ári samningstímans á meðan almennar launahækkunir margra hópa voru 2,8% í eins árs samningi. Þá hafa stjórnvöld á engan hátt staðið við yfirlýsingar um að haga ákvörðunum sínum og stefnumörkun þannig að þær styðji við slíka samninga.

Á komandi árum mun því reyna á hvort við getum tekist á við veikleika hagkerfisins og komið hér á svipaðri efnahagslegri umgjörð og er í nágrannalöndunum eða hvort við ætlum að láta tækifærin líða hjá og halda áfram í gamla farinu.



SPÁ HAGDEILDAR ASÍ

	<i>Ma. kr.</i>	<i>Bráðab.</i>	<i>Spá</i>		
	2013	2013	2014	2015	2016
Einkaneysla	986,5	0,8	4,3	3,5	3,4
Samneysla	455,7	0,8	1,0	1,0	1,0
Fjármunamyndun	282,7	-2,2	15,5	14,8	17,2
<i>þar af atvinnuvegir</i>	180,7	-8,6	14,7	15,9	19,5
<i>þar af húsnæði</i>	50,8	10,8	23,9	23,1	21,9
<i>þar af hið opinbera</i>	51,2	12,5	11,2	-1,2	-1,9
Þjóðarútgjöld	1717,0	-0,3	5,4	4,7	5,5
Útflutningur	1043,7	6,9	3,4	2,9	2,9
Innflutningur	887,7	0,4	7,7	5,8	6,9
Landsframleiðsla	1873,0	3,5	3,1	3,3	3,5
Verðbólga ¹		3,9	2,3	3,1	3,1
Atvinnuleysi ²		4,4	3,7	3,4	3,6
Gengisvísitala ³		219	208	209	209
Vöru- og þjónustujöfnuður ⁴		8,3	6,1	4,8	3,0

¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

² Hlutfall af áætluðum mannafla

³ Ársmeðaltal

⁴ Hlutfall af landsframleiðslu án innlánsstofnana í slitameðferð

Helstu atriði


Hagdeildin spáir umtalsverðum hagvexti á næstu árum sem drifinn er áfram af kröftugum vexti þjóðarútgjalda. Á þessu ári áætlum við að verg landsframleiðsla aukist um 3,1% og mun hagvöxtur verða þar um kring út spátímam, 3,3% á næsta ári og 3,5% árið 2016.

Fjárhagsleg staða heimilanna hefur batnað og lagt grunn að umtalsverðum vexti einkaneyslu á þessu ári. Skuldir heimilanna fara lækkandi, kaupmáttur launa vaxandi, væntingar hafa aukist og dregið hefur úr efnahagslegri óvissu. Þetta, samhliða skuldalækkunaraðgerðum stjórnvalda og skattkerfisbreytingum, mun ýta undir töluverðan vöxt einkaneyslunnar á tímabilinu, eða 3,7% á ári að jafnaði á spátímabilinu.

Viðsnúningur verður í fjárfestingu á þessu ári eftir samdrátt síðasta árs en hann mátti m.a. rekja til minnkandi umsvifa í stóriðju. Útlit er fyrir 15,5% vöxt fjárfestinga á þessu ári en vöxtur er innan allra undirliða, þ.e. í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðabyggingu og fjárfestingu hins opinbera. Gangi spá hagdeildar eftir verður fjárfesting nærri sögulegu meðaltali í lok spátímans og verður hlutfall fjárfestinga af landsframleiðslu þá tæplega 21%. Dregið hefur úr óvissu tengdri verkefnum í stóriðju og uppi eru áform um byggingu kísilmálmframleiðslu við Bakka á Húsavík,

við Grundartanga í Hvalfirði og í Helguvík á spátímanum. Einnig er útlit fyrir mikinn vöxt í mannvirkjagerð eða um 23% að jafnaði á árunum 2014–2016.

Mynd 1. Hagvöxtur



Heimild: Hagstofa Íslands og spá ASÍ

Þrátt fyrir ágætan vöxt útflutnings dregur úr afgangi af viðskiptum við útlönd eftir því sem vöxtur þjóðarútgjalda kallar á aukinn innflutning.


Hætta er á að tímabil verðstöðugleika taki enda á næsta ári þegar þensluhvetjandi aðgerðir stjórnvalda og vöxtur innlendar eftirspurnar ýta undir hækkun verðlags. Verðbólga verður 2,3% á þessu ári en fer eftir það vaxandi og verður að jafnaði 3,1% á ári út spátímann.

Áfram dregur hægt úr atvinnuleysi samhliða auknum umsvifum í hagkerfinu. Útlit er fyrir 3,7% atvinnuleysi á þessu ári og 3,5% á ári að jafnaði út spátímann.

Færri óvissuþættir eru í spánni nú en oft áður og hvað mest óvissa er bundin við gengi krónunnar. Sú óvissa er hins vegar töluverð í ljósi aukinnar innlendar eftirspurnar og minnkandi viðskiptaafgangs en þrátt fyrir óvissuna er gert ráð fyrir áframhaldandi gengisstöðugleika.

Mikill vöxtur einkaneyslu

Mynd 2. Einkaneysla - breyting milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands og spá ASÍ

Flest bendir til kröftugs vaxtar einkaneyslu á yfirstandandi ári og hafa vísbendingar um það komið víða fram undanfarin misseri. Einkaneyslan jókst um 3,8% á fyrsta ársfjórðungi þessa árs og um 4,2% á öðrum ársfjórðungi sem er töluverð breyting frá árinu 2013 þegar vöxtur einkaneyslu var einungis tæplega hálf prósent á fyrri hluta ársins. Þetta skýrist af jákvæðri þróun ýmissa þátta sem styðja við vöxt einkaneyslunnar. Efnahagslegur stöðugleiki er meiri, störfum hefur fjölgað og kaupmáttur launa aukist auk þess sem væntingar heimilanna hafa aukist og fjárhagsstaðan batnað.


Verðbólga hefur verið undir 2,5% verðbólguþolmiði Seðlabankans frá því snemma á þessu ári sem hefur stuðlað að kaupmáttaraukningu. Á fyrstu átta mánuðum ársins hækkaði launavísitalan um 5,4% sem hefur skilað sér í 3% hækkun raunlauna eða 4,2% hækkun ef horft er fram hjá hækkun húsnæðisverðs.

Þannig eru forsendur fyrir frekari aukningu einkaneyslunnar á næstu misserum þar sem fyrrnefndir þættir, auk skuldalækkunaraðgerða stjórnvalda, frekari heimilda til úttektar á séreignarsparnaði á þessu ári og afnáms vörugjalda, verða meginþrífraftar aukinnar neyslu. Þrátt fyrir ágætan vöxt undanfarið er einkaneyslan engu að síður mun minni en á árunum 2007–2008 og á fyrri hluta þess árs var einkaneysla svipuð og á fyrri helmingi ársins 2005. Þannig er líklegt að heimilin nýti bætt fjárhagslegt svigrúm til að auka neyslu á varanlegri neysluvörum á komandi árum en þá þróun má greina nú þegar í veltutölum smásölnunnar.

Hagdeildin spáir því að einkaneysla aukist um 4,3% á þessu ári og búast má við svipaðri aukningu út spátímann eða 3,5% á næsta ári og 3,4% árið 2016.

Viðsnúningur í fjárfestingu

Mynd 3. Fjármunamyndun - breyting milli ára




Heimild: Hagstofa Íslands og spá ASÍ

Fjármunamyndun dróst saman um 2,2% á síðasta ári en horfur hafa batnað verulega síðustu misseri. Samdrátt síðasta árs mátti að mestu rekja til minni fjárfestinga í stóriðju en útlit er fyrir viðsnúning á þessu ári þegar framkvæmdir hefjast við umfangsmikil verkefni. Til viðbótar aukast fjárfestingar á flestum sviðum atvinnulífsins samhliða minni óvissu í hagkerfinu. Þannig eru horfur á vexti í öllum undirliðum fjármunamyndunar á spátímanum þar sem fjárfesting atvinnuveganna eykst að jafnaði um 16,7%, íbúðarfjárfesting um 23% og fjárfesting hins opinbera um 2,7%. Gangi spáin eftir rís hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu upp úr lægð síðustu fimm ára og verður orðin 20,8% í lok spátímans.

Atvinnuvegir auka við fjárfestingu

Fjárfesting atvinnuveganna dróst saman um 8,6% á síðasta ári sem skýrist að mestu af minni fjárfestingu í skipum og flugvélum auk minnkandi umsvifa stóriðju. Almenn atvinnuvegafjárfesting jókst hins vegar umtalsvert og er viðbúið að framhald verði þar á. Ágætur vöxtur í fjárfestingu atvinnuveganna er til marks um betri fjárfestingaskilyrði og minni óvissu bæði hér á landi og erlendis.

Mynd 4. Fjármunamyndun og undirliðir - breyting milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands og spá ASÍ

Horfurnar eru að mestu í samræmi við spá okkar frá því í mars nema hvað varðar umfang stóriðjuframkvæmda sem hefur aukist vegna stórra verkefna í kísilmálmframleiðslu. Fjórir framleiðendur kísilmálms áforma að hefja starfsemi hér á landi á næstu árum og er hér gert ráð fyrir að þrjú þeirra verkefna verði komin á fullt skrið á síðari hluta spátímans.

Spá hagdeildar gerir ráð fyrir 14,7% vexti atvinnuvegafjárfestinga á þessu ári, 15,9% á næsta ári og 19,5% vexti árið 2016.


Kröftugur vöxtur í mannvirkjagerð

Aukinn kraftur í íbúðafjárfestingu er fyrirsjáanlegur en meiri umsvif í mannvirkjagerð hafa verið merkjanleg um nokkurt skeið. Umsvif í byggingariðnaði hafa verið í sögulegri lægð síðustu ár og vöxtur í íbúðafjárfestingu einungis tæp 8% á ári undanfarin þrjú ár í kjölfar 71% samdráttar á árunum 2008–2010.


Minni óvissa, vaxandi kaupmáttur og bjartari horfur auk fjölgunar fólks á húsnæðismarkaði ýta undir eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði. Þess sjást þegar merki í aukinni veltu á húsnæðismarkaði og hækkun á húsnæðisverði. Vísitala íbúðaverðs hefur hækkað um tæp 9% á fyrstu átta mánuðum ársins

eða tæp 7% umfram almennt verðlag. Verð íbúðarhúsnæðis hefur hækkað umfram byggingarkostnað frá fyrri hluta síðasta árs en sú þróun mun að lokum ýta undir aukna íbúðafjárfestingu þar sem ábati í byggingariðnaði fer vaxandi.


Mynd 5a. Íbúðafjárfesting - breyting milli ára



Mynd 5b. Vikulegur fjöldi þinglýstra kaupsamninga



Mynd 5c. Vísitölur húsnæðisverðs



Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá og spá ASÍ

Mikil umsvif í byggingariðnaði næstu misserin eru því viðbragð við uppsafnaðri þörf undanfarinna ára og eru í takt við aukin umsvif í hagkerfinu. Hagdeildin spáir töluverðum vexti í íbúðafjárfestingu allan spátímann eða 23,8% á þessu ári og að jafnaði rúm 22% á árunum 2015–2016.



Fjárfesting hins opinbera

Viðsnúningur varð í opinberum fjárfestingum á síðasta ári eftir samfelldan samdrátt í fimm ár þar á undan. Opinber fjárfesting jókst um 12,5% í fyrra sem aðallega skýrist af fjárfestingu í vegagerð og brúasmíði. Opinberar fjárfestingar hafa haldið áfram að aukast á yfirstandandi ári en óvissa er meiri á síðari hluta spátímans. Veruleg þörf er á auknu viðhaldi og fjárfestingu í innviðum eftir samdrátt síðustu ára og fjárfestingarstig hins opinbera verður einungis 2,8% af landsframleiðslu á spátímanum eða um einu prósentustigi undir langtíma meðaltali. Hagdeildin spáir 11,2% aukningu í opinberri fjárfestingu á þessu ári en lítils háttar samdrætti á árunum 2015–2016, eða um 1,5% á ári.

Hagur ríkis og sveitarfélaga vænkast

Í september kynnti ríkisstjórnin frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015 en höfuðáhersla stjórnvalda er lögð á að ná jafnvægi í ríkisrekstrinum. Eftir samfelldan hallarekstur ríkissjóðs frá árinu 2008 hefur náðst jöfnuður í ríkisfjármálum, skuldasöfnun hefur verið stöðvuð og lagt er fram hallalaust frumvarp annað árið í röð. Áætlað var í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár að lítils háttar afgangur yrði á heildarjöfnuði í fyrsta sinn í sex ár. Útlit er hins vegar fyrir mun betri afkomu og stefnir í 38 milljarða króna afgang í stað 0,9 milljarða eins og gert var ráð fyrir. Þetta skýrist einkum af einkiptistekjum og hagfelldum tekjufærslum á yfirstandandi ári, m.a. vegna arðgreiðslna af eignarhlut ríkisins í Landsbankanum og lækkunar á skuldabréfi ríkissjóðs við Seðlabankann. Gert er ráð fyrir um fjögurra milljarða króna afgangi af rekstri ríkissjóðs á árinu 2015 en þrátt fyrir það er skuldabyrðin enn afar þung.

Líkt og undanfarin ár er fjármagnskostnaður ríkisins hár; vaxtagjöld eru þriðji stærsti útgjaldaliður ríkisins og hafa ekki verið hærri síðan árið 2009. Samkvæmt ríkisfjármálaáætlun til ársins 2018 er gert ráð fyrir að vaxtagjöld verði 84 milljarðar árið 2015 en fari hægt lækkandi út tímabilið. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veitt verði áframhaldandi heimild til sölu á eignarhlut ríkisins í fjármálafyrirtækjum og stefnt er að sölu á 30% hlut í Landsbankanum á árunum 2015 og 2016. Andvirðið verði nýtt til niðurgreiðslu á höfuðstól af skuldabréfum sem notuð voru til að endurfjármagna fjármálastofnanir í kjölfar bankahrunsins en með því móti verður unnt að lækka vaxtabyrði ríkissjóðs. Áfram er stefnt að aðhaldi í ríkisrekstrinum og markmiðið að stöðva skuldasöfnun.

Betri staða ríkissjóðs skýrist að mestu leyti af batnandi horfum í efnahagslífinu, hagvexti, og minna atvinnuleysi og eru horfur í ríkisfjármálum nú jákvæðari en um langt skeið. Eitt mikilvægasta



verkefnið framundan er að greiða niður skuldir og lækka vaxtakostnað sem hefur veruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs næstu árin.


Á undanförunum árum hefur rekstur og fjárhagsstaða sveitarfélaganna styrkst og hafa flest þeirra, líkt og ríkið, lagt höfuðáherslu á að hagræða í rekstri og lækka skuldir. Samhliða batnandi efnahagsástandi hafa skuldir sveitarfélaganna lækkað um 39 milljarða króna frá árinu 2013 sem samsvarar 7% lækkun. Rekstur sveitarfélaganna stendur því styrkari stoðum en áður og flest sveitarfélög standa undir núverandi skuldsetningu þótt staða einstakra sveitarfélaga sé þröng.

Útgjöld sveitarfélaganna vegna fjárhagsaðstoðar til heimila hafa aukist mikið á undanförunum árum. Nýjustu tölur Hagstofu Íslands sýna að heimilum, sem fengu fjárhagsaðstoð, fjölgaði um 4% milli árana 2012 og 2013. Frá hruni hefur fjöldi heimila sem fá fjárhagsaðstoð tvöfaldast og gera má ráð fyrir áframhaldandi aukningu milli ára. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015 er lagt til að stytta atvinnuleysisbótatímabilið úr 36 mánuðum í 30 mánuði og mun sú skerðing hafa í för með sér að hluti þeirra sem missir bótarétt sinn flyst yfir á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Samkvæmt grófu mati Sambands íslenskra sveitarfélaga verður kostnaðarauki sveitarfélaga vegna þessarar breytingar um 500 milljónir króna.

Útgjöld hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, sveitarfélaga og almannatrygginga, til samneyslu jukust um 0,8% í fyrra. Spá hagdeildar gerir ráð fyrir áframhaldandi hægum en stöðugum vexti samneyslunnar út spátímann eða 1,0% á ári til ársins 2016.

Hverfandi afgangur af viðskiptum við útlönd

Mynd 6: Vöru- og þjónustujöfnuður




Heimild: Hagstofa Íslands og spá ASÍ

Myndarlegur afgangur var á viðskiptum við útlönd á síðasta ári þegar útflutningur jókst um 6,9% milli ára og lítil breyting varð á innflutningi. Mikil fjölgun ferðamanna og aukinn útflutningur sjávarafurða áttu stærstan þátt í auknum útflutningi í fyrra. Útlit er fyrir að ferðamönnum fjölgi áfram en útflutningur sjávarafurða dragist saman á þessu ári. Á sama tíma má búast við mikilli aukningu innflutnings á næstu árum í takt við vöxt þjóðarútgjalda. Þannig má vænta þess að innflutningur aukist að jafnaði um 6,8% á ári á spátímanum á meðan útflutningsvöxtur verði um 3,1%. Fyrirséð er að draga muni úr afgangi af viðskiptum við útlönd á spátímanum og halli verði á viðskiptajöfnuði á árinu 2016.


Erfitt að koma böndum á verðbólgu

Verðstöðugleiki hefur einkennt yfirstandandi ár en frá því í febrúarmánuði hefur verðbólga verið undir 2,5% verðbólguþolmiði Seðlabankans. Hækkun húsnæðisverðs hefur verið meginþrífur verðbólgu undanfarið en ef horft er fram hjá þeim áhrifum hefur almennt verðlag hækkað að jafnaði um 1,1% á þessu ári. Ásamt húsnæðisverði hefur opinber og almenn þjónusta hækkað umfram annað verðlag á meðan verð á innfluttum vörum og matvöru hefur lækkað milli ára.

Mynd 7a: Gengisvísitala krónunnar



Mynd 7b: Verðbólga á ársgrundvelli



Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands og spá ASÍ



Meginforsenda hjöðunar verðbólgunnar undanfarna mánuði er hagfelld þróun gengis krónunnar og niðurstaða kjarasamninga í upphafi árs þar sem samið var um hóflegar launahækkningar með kaupmáttaraukningu og stöðugleika að markmiði. Á þessu ári hefur gengisvísitala krónunnar haldist á bilinu 205–209 sem er um 5,7% styrking frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir lítilli breytingu á gengi krónunnar á spátímanum og að gengisvísitalan verði 209 á árunum 2015–2016. Hins vegar ríkir mikil óvissa um þá forsendu en þróun gengisins hefur líkt og áður ráðandi áhrif á verðlagsþróun.

Samhliða því sem slakinn hverfur úr hagkerfinu og innlend eftirspurn fer vaxandi eykst þrýstingur á verðlag. Skuldalækkunaraðgerðir stjórnvalda munu ýta undir aukna eftirspurn en nokkurrar óvissu gætir um áhrif tillagna stjórnvalda um breytingar á virðisaukaskatti og vörugjöldum á verðlag.


Samkvæmt tillögunum hækkar neðra þrep virðisaukaskatts, sem m.a. er lagt á mat- og drykkjarvörur, bækur og heitt vatn, úr 7% í 12% og almenna þrepið lækkar úr 25,5% í 24%. Þá verða afnumin almenn vörugjöld sem m.a. eru lögð á sykur og sætindi, raftæki, ýmsar byggingarvörur og bílavarahluti. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að breytingin hafi um 0,2% áhrif til lækkunar á verðlagi að því gefnu að breytingarnar skili sér að fullu út í verðlag.

Verð er að jafnaði tregbreytanlegra til lækkunar en hækkunar og því má ætla að hækkningar á þeim vörum, sem falla undir neðra þrep virðisaukaskattsins, skili sér að fullu út í verðlag en lækkun á vörugjöldum og neðra þrepi virðisaukaskatts skili sér síður. Þetta á ekki síst við þegar einkaneysla fer vaxandi líkt og útlit er fyrir á komandi misserum. Verði þetta raunin geta heildaráhrif breytinganna á verðlag og ráðstöfunartekjur orðið neikvæð.

Jafnvægi á vinnumarkaði

Staðan á vinnumarkaði hefur farið batnandi undanfarið ár. Atvinnuleysi náði hámarki á árinu 2010 en starfandi einstaklingum fjölgaði ekki verulega fyrr en á síðasta ári þegar þeim fjölgaði um tæp sex þúsund. Aðstæður hafa batnað enn frekar á þessu ári, þótt úr atvinnuleysi dragi hægar en áður og batinn komi einkum fram í aukinni atvinnuþátttöku. Ólíklegt er þó að atvinnuleysi verði á næstunni svipað og fyrir hrun en margt bendir til þess að búast megi við meira atvinnuleysi en áður á íslenskum vinnumarkaði.

Mynd 8: Atvinnuleysi (%)



Heimild: Vinnumálastofnun og Spá ASÍ

Á fyrri hluta þessa árs fækkaði atvinnulausum um sjö hundruð á meðan starfandi fjölgaði um rúmlega þrjú þúsund og sex hundruð. Skýra má fjölgun starfandi með fleira fólki á vinnumarkaði og aukinni atvinnuþátttöku. Flest störf hafa orðið til í mannvirkjagerð auk þess sem fjölgun ferðamanna kemur fram í fjölgun starfa í verslun, gisti- og veitingaþjónustu. Útlit er fyrir meiri eftirspurn eftir starfsfólki á næstu árum samhliða vexti þjóðarútgjalda. Hins vegar bendir margt til þess að takmarkanir séu á framboði þess. Afar lítið atvinnuleysi er í ákveðnum greinum, t.d. í byggingariðnaði, og líkur á að það geti leitt til þrýstings á laun innanlands að Íslendingar, sem flutt hafa til útlanda eftir hrun, snúi aftur eða fleiri erlendir aðilar komi á vinnumarkaðinn.

Útlit er fyrir ágætar aðstæður á vinnumarkaði á næstu árum sem birtist í fjölgun vinnustunda og meiri atvinnuþátttöku fremur en í minna atvinnuleysi. Hagdeildin spáir því að atvinnuleysi verði 3,7% á þessu ári og svo 3,5% að jafnaði út spátímann.

Betri horfur í heimsbúskapnum

Aðstæður í heimsbúskapnum hafa skánað en í þróuðum ríkjum hefur batinn verið hægari en væntingar stóðu til og enn eru hindranir í veginum. Samkvæmt nýlegri spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verður 0,8% hagvöxtur á evrusvæðinu á þessu ári en 1,4% í Þýskalandi og einungis 0,4% í Frakklandi. Vöxturinn verður öllu hraðari í Bandaríkjunum en þar er spáð 2,2% hagvexti á þessu ári og 3,1% á næsta ári. Á heimsvísu spáð 3,3% hagvexti en hann er drifinn áfram af miklum vexti innan nýmarkaðsríkja.



Sem dæmi má nefna að í Kína er spáð 7,4% hagvexti og 5,6% á Indlandi á þessu ári.

Hægari bati á meginlandi Evrópu hefur áhrif á Norðurlöndum með versnandi útflutningshorfum. Aðstæður í nágrannalöndunum eru afar ólíkar, allt frá sterkri stöðu Norðmanna, sem horfa fram á stöðugan vöxt landsframleiðslu og einkaneyslu, til erfiðrar stöðu Finna þar sem samdráttur í Rússlandi hefur leitt til bakslags í efnahagsbata. Finnar glíma við samdrátt sem m.a. má rekja til erfiðrar stöðu Nokia og skógarhöggsiðnaðarins. Útlit er fyrir að finnska hagkerfið dragist saman á þessu ári og þurfi að bíða næsta árs eftir viðsnúningi.

Lítill hagvöxtur hefur verið í Danmörku á þessu ári en vonir höfðu staðið til kröftugri vaxtar framan af ári. Staðan skýrist að miklu leyti af aðstæðum á evrusvæðinu sem hafa einnig áhrif á stöðuna í Svíþjóð. Þjóðarútgjöld hafa hins vegar aukist meira í Svíþjóð en í Danmörku og veikar útflutningshorfur hafa því minni áhrif en ella.